

Skýrsla Æskulýðsnefndar Skugga 2011.



Í Æskulýðsnefnd Skugga starfa fimm manns, og eru um 30 -40 virk börn og unglingar í Skugga. Vetrarstarfið hófst með framhaldi knapamerki 2 í samstarfi við Grunnskólans í Borgarnesi og var Heiða Dís Fjeldsted kennari, og útskrifuðust 7 unglinga úr knapamerki, 1 og 2 nú í vor, þar sem ekki var hægt að taka prófið í knapamerki 1 í fyrra sökum hestapestarinnar.

Í febrúar fóru unglingarnir í reiðtúr saman og pitsupartý á eftir.

Þá byrjaði líka reiðnámskeið fyrir börn í reiðhöllinni Faxaborg sem var kennt á hálsmánaðar fresti fram á vor og var svo farið í góðan reiðtúr með nesti upp í Lund í síðasta tímanum þar sem foreldrum og vinum voru boðnir með. Kennari þessa námskeiðs var Heiða Dís og voru um 16 börn sem tóku þátt í þessu námskeiði.

Í Mars var farið í fjölskyldureiðtúr og frítt kaffi á eftir. Eru þessir reiðtúrar alltaf vinsælir.

Í apríl bjuggum við svo til ratleik á hestbaki, þetta er mjög skemmtilegur liðaleikur fyrir allan aldur. Vorum við með 4 lið, 6-7 í liði, sem þurftu að leysa hinar ýmsu þrautir.

Í Maí var svo fjölskylduferð niður að Rauðanesfjörur og grillaðar pylsur eftir góðan reiðtúr á fjörunum og tóku um 30 manns þátt í þessari ferð og þó veðurspáin hafi ekki verið sú besta rættist þó úr veðrinu.

Fimm börn og unglingar frá Skugga tóku þátt í Landsmóti í sumar og hafa þau aldrei áður verið svona mörg áður. Mikil samheldni var á meðal þessara krakka og foreldra þeirra og var mjög gaman að taka þátt í þessu með þeim og allir reynslunni ríkari.

Í ágúst fóru unglingarnir okkar í tveggja daga rekstrarferð. Vildi það svo til að þetta voru bara strákar og ekki þótti þeim það verr að lenda í smá eltingaleik í upphafi ferðar. Riðið var upp með Langá og inn að Lambafalli og gist þar í leitarhúsi, og riðið svo niður Hraundal, að Grímstöðum og heim í gegn um ruðninginn hjá Árbæ Tveir fullornir riðu með og einn var á trússbíl.

Hafin er vinna um áframhaldandi samstarf við Grunnskólann og knapamerki 1 aftur þá sem valgrein í skólanum þar sem skólinn sér um bóklega hlutann og hestamannsfélagið Skuggi um þann verklaga.

Enn fremur er fyrirhugað að hafa áfram hald að knapamerki 3 á vegum hestamannafélagsins Skugga.

Þetta er nú það helsta sem gert var hjá æskulýðsnefnd Skugga það sem af er þessu ári og vona ég að hægt verði að gera enn betur á því næsta.

Fyrir hönd æskulýðsnefndar Skugga ,

Auður Ásta Þorsteinsdóttir.